

Fullnaðareinkunnirnar	9,00—10,00	teljast ágætiseinkunn
—	7,25—8,99	I. einkunn
—	6,00—7,24	II. —
—	5,00—5,99	III. —

75

22. maí

22. gr.

Að afloknu námi skal afhenda nemendum þeim, sem standast prófin, prófskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn. Þeim nemendum, sem ljúka ekki námi og ganga ekki undir próf, skal afhenda vottorð með skýringum á ástæðum þeim, er til þess eru, að viðkomandi hefir ekki lokið námi.

Einkunnir og vottorð nemenda skulu birt í skólaskýrslum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 13. janúar 1938 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

76

23. maí

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Fnjóskár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Fnjóskár. Heimili þess og varnarþing er á Skógum í Fnjóskadal.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxrækt,
2. að selja stangarveiði á leigu eða reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sam-eiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Fnjóská og öllum ám er í hana falla. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru: Þverá, Þúfa, Vestari-Krókar, Austari-Krókar, Garður, Ytri-Hóll, Litli-Hóll, Syðri-Hóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Fornastaðir, Sigríðarstaðir, Birningsstaðir, Háls, Vaglir, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakki, Bakkasel, Sörlastaðir, Snæbjarnarstaðir, Tunga, Reykir, Hjaltadalur, Selland, Illugastaðir, Kotungsstaðir, Grjótargerði, Fjósatunga, Brúnagerði, Steinkirkja, Veturliðastaðir, Hróastaðir, Skógar, Nes, Ljótsstaðir, Hrisgerði, Viðivellir, Vatnsleysa, Dæli, Grímsgerði, Draflastaðir, Melar, Skuggabjörg, Laufás, Þorsteinsstaðir, Nollur, Sæból, Kljáströnd, Nes, Borgargerði, Miðgerði, Pálsgerði, Litlagerði, Skarð.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

76

23. maí

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

5. gr.

6. gr.

Félagið rekur lax- og silungsveiði við Fnjóská og ræður mann til að standa fyrir veiðinni. Nefnist hann veiðistjóri.

7. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

8. gr.

Félagið starfrækir laxaklak ef þörf gerist á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

9. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir 2 ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

10. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

11. gr.

Aðalfund heldur félagið í júnímánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kys stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

12. gr.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ af félagsmönnum æskir þess og tilgreinir fundarefni.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðal- fund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

76

23. maí

14. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þessari leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomu- lag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram. Félags- menn skulu greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Eigi má úthluta arði samkv. 14. gr., fyrr en eftir aðalfund.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði, eða andvirði hennar, gerð upptæk og renni í félagssjóð.

16. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það. Eignum eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafna niður á félagsmenn eftir hlutföllum arðskrár.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Fellsstrandar.

77

23. maí

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Fellsstrandar. Heimili þess og varnar- þing er á Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxrækt,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir,
3. að banna alla netaveiði í ánum næstu 10 ár.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Kjarlaksstaðaá, Flekkudalsá og Tunguá. Félagsmenn eru allir þeir, sem veiðirétt hafa í nefndum ám, en veiðirétt eiga þar þessar jarðir: 1. Kjarlaksstaðir, 2. Ytrafell, 3. Harastaðir, 4. Staðarfell, 5. Túngarður, 6. Hallsstaðir, 7. Svínaskógur, 8. Orrahóll, 9. Stóra-Tunga, 10. Litla-Tunga, 11. Stóri-Galtardalur og 12. Litli-Galtardalur.